

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldið Haukamýri Haukamýragili



Dags eftirlits	18.9.2013	Fulltrúi UST	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Fiskeldið Haukamýri	Fulltrúi UST	
Heimili	Haukamýragili	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6607061190	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Fannar H. Þorvaldsson	ÍSAT nr.	05.02.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engar athugasemdir voru gerðar.

UMFANG EFTIRLITS

Þetta er fyrsta eftirlitsferð Umhverfisstofnunar í fyrirtækið þar sem starfsleyfið var fyrst gefið út þann 27. júní sl. Áður var rekstraraðili með eftirlit frá Heilbrigðiseftirliti Norðurlands eystra.

Farið var yfir nýtt starfsleyfi og minnt á skiladaga skv. því. Enn eru engir frestir komnir á tíma.

Viðbragðsáætlun og áhættumat hefur verið sent eftirlitsaðila sem og neyðaráætlun og bíða þær yfirferðar. Trygging v. bráðamengunar skv. gr. 4.7 í starfsleyfi er frágengin og verður staðfesting þess efnis send eftirlitsaðila. Vinna er hafin við aðrar áætlanir sem skila þarf skv. starfsleyfi.

Verið er að vinna að innleiðingu gæðavottunar frá IMO og gengur sú vinna vel. Bent er á ákvæði í gr. 4.3. í starfsleyfi þar sem kveðið er á um að velji rekstraraðili að reka innra eftirlit sem uppfyllir staðlaðar kröfur er eftirlitsaðila heimilt skv. gr. 12.5 í reglugerð nr. 786/1999, að draga úr eftirliti. Sækja þarf þó sérstaklega um það til Umhverfisstofnunar, að dregið verði úr eftirliti.

Rekstrarhandbók er í vinnslu. Skráningar og gögn eru öll til staðar en unnið er að því að koma þeim upplýsingum í aðgengilegt form skv. gr. 3.1.

Búið er að gera mælingar skv. gr. 3.3. og verða niðurstöður sendar eftirlitsaðila.

Allur dauðfiskur er háfaður upp þrisvar sinnum á dag og safnað saman þar til hann er sendur í Eldisfóður, Vopnafirði.

Ný rotþró er við stöðina sem tekur við frárennsli frá starfsmannaaðstöðu.

Gengið var um stöðina, útsvæði skoðað sem og frárennislislækur. Engar athugasemdir voru gerðar hvað það varðar. Ekki var um óvenjulega gróðurmyndun að ræða né hægt að greina grugg eða fóðurleyfar í frárennislislæk. Óvenju mikið vatn var í læknum og rennsli í meira lagi miðað við árstíma.

ATHUGASEMDIR

Engar athugasemdir voru gerðar í eftirlitinu.

ANNAÐ

Undirbúningur við lengingu frárennslis frá lendarstraumskari fram að brún sjávarkambs er hafinn en líklega næst ekki að klára verkið fyrir 15. október eins og krafa er gerð um. Biður rekstraraðili um frest til 15. nóvember til að ljúka verkinu.

Eftirlitsaðili sendi leiðbeiningar til rekstraraðila, varðandi Grænt bókhald og vöktunaráætlun með tölvupósti þann 19. sept sl.

Minnt er á að öll gögn skulu send á ust@ust.is sem og á netfang eftirlitsaðila.

Reykjavík, 19.09.2013

Guðbjörg Stella Árnadóttir

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki

geta talist frávik.